



Hvar eru ríkisstörfin?

Fjöldi ríkistarfa 31.12.2019



Þróunarsvið, 11. nóvember 2020
Þorkell Stefánsson og Anna Lea Gestsdóttir

Byggðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda við áramót 2019/2020. Störfin eru mun fleiri en stöðugildin en við höfum kosið að setja upplýsingarnar fram í fjölda stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Tölum er skipt niður á konur og karla. Í öllum töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Skiptingu stöðugilda niður á sveitarfélög og frekari tölulegar upplýsingar má finna á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Mikið er lagt upp með að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni gefur. Frekari upplýsingar veitir Þorkell Stefánsson, sérfræðingur þróunarsviðs í síma 455-5400 eða í tölvupósti, thorkell@byggdastofnun.is.

Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót sjö ár í röð, skipt niður á kyn. Stöðugildum hefur fjölgað á milli allra ára, þó hlutfallslega mest milli áranna 2016 og 2017. Heildarfjölgun stöðugilda frá 2013 til 2019 eru 2.324 stöðugildi eða 10,3%.

Þann 31. desember 2019 var heildarfjöldi stöðugilda 24.980, þar af voru 15.716 skipuð af konum og 9.263 af körlum. Á árinu 2019 fjölgaði stöðugildum um 199 á landsvísu eða 0,8%. Mest fækkun stöðugilda var hjá ISAVIA og Íslandspósti, en mest fjölgun hjá Háskóla Íslands og Landspítala. Kynjahlutfallið hefur verið eins öll árin en stöðugildi kvenna telja um 63% ár hvert. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum voru um 10 þúsund stöðugildi í árslok 2019 og skipuðu konur um 82% þeirra.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2013/2014.

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára	
31.12.2013	14.192	8.463	22.655	-	-
31.12.2014	14.221	8.504	22.725	+70	+0,3%
31.12.2015	14.448	8.625	23.073	+348	+1,5%
31.12.2016	14.918	8.760	23.679	+606	+2,6%
31.12.2017	15.350	8.961	24.312	+633	+2,7%
31.12.2018	15.681	9.100	24.781	+469	+1,9%
31.12.2019	15.716	9.263	24.980	+199	+0,8%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 71% allra ríkisstarfa unnin (tafla 2). Á landsvísu er fjöldi stöðugilda ríkisins um 7% af íbúum landsins, eða rúmlega 10% mannfjölda á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á höfuðborgarsvæðinu (11,3%) og næsthæst á Norðurlandi vestra (10,5%). Lægst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 7,1% og þar fækkaði stöðugildum hlutfallslega mest milli ára. Mest munaði þar um fækkun starfa hjá ISAVIA.

Tafla 2. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Hlutfallsleg breyting frá 31.12.18	Íbúafjöldi 1. jan 2020	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	11.256	6.501	17.757	+1,3%	233.034	64,0%	71,1%	7,6%	157.052	11,3%
Suðurnes	659	720	1.379	-4,2%	27.829	7,6%	5,5%	5,0%	19.429	7,1%
Vesturland	566	266	832	+1,4%	16.662	4,6%	3,3%	5,0%	10.754	7,7%
Vestfirðir	267	182	449	-1,0%	7.115	2,0%	1,8%	6,3%	4.666	9,6%
Norðurland vestra	313	173	487	+0,4%	7.322	2,0%	1,9%	6,6%	4.615	10,5%
Norðurland eystra	1.355	612	1.967	+1,0%	30.600	8,4%	7,9%	6,4%	19.832	9,9%
Austurland	361	197	558	-0,7%	10.739	2,9%	2,2%	5,2%	6.871	8,1%
Suðurland	906	582	1.488	+1,0%	30.833	8,5%	6,0%	4,8%	20.223	7,4%
Erlendis	33	28	61	-1,6%	-	-	-	-	-	-
Óstaðsett	0	2	2	-25,0%	-	-	-	-	-	-
Samtals stöðugildi	15.716	9.263	24.980	+0,8%	364.134	100%	100%	6,9%	243.442	10,3%

Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 222 eða um 1,3% á árinu 2019 (tafla 3). Í Hafnarfirði fækkaði stöðugildum um 67 eða 11,3% og kemur það helst til vegna fækkunar hjá Íslandspósti og breytinga á rekstri hjúkrunarheimilisins Sólvangs. Í Kópavogi fjölgaði stöðugildum um 30 eða 3,6%, helst vegna fjölgunar hjá Sýslumanni höfuðborgarsvæðisins, Menntaskólanum í Kópavogi og heilsugæslunni. Í Reykjavík fjölgaði stöðugildum um 252 sem eru 1,6%. Þar varð fjölgun m.a. hjá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landspítala, Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Þjóðleikhúsinu og Alþingi, en mest fækkaði hjá Íslandspósti og á Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili. Í Seltjarnarnesbæ fjölgaði stöðugildum um sjö eða um 14,6% en þar fjölgaði bæði hjá heilsugæslunni og Fangelsismálastofnun.

Tafla 3. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Garðabær	200	239	238	228	229	233	231
Hafnarfjörður	743	740	642	666	643	594	527
Kjósarhreppur	0	1	1	1	1	1	1
Kópavogur	675	635	623	766	768	834	864
Mosfellsbær	306	304	304	299	265	270	271
Reykjavík	14.267	14.322	14.637	14.837	15.205	15.556	15.808
Seltjarnarnesbær	31	32	34	33	51	48	55
Samtals	16.222	16.272	16.478	16.830	17.163	17.535	17.757

Suðurnes

Á Suðurnesjum fækkaði stöðugildum um 60 eða 4,2% á árinu 2019 (tafla 4). Fækkunin kemur að langmestu til vegna fækkunar stöðugilda hjá ISAVIA í Reykjanesbæ og einhverju leyti vegna fækkunar hjá Tollstjóra. Þrátt fyrir það fjölgaði stöðugildum hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Landhelgisgæslunni nokkuð.

Tafla 4. Stöðugildi á Suðurnesjum.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Grindavíkurbær	41	35	37	38	40	39	40
Reykjanesbær	811	952	1.068	1.231	1.383	1.396	1.334
Suðurnesjabær	43	2	3	4	4	4	3
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	1	0	0	1
Samtals	896	991	1.110	1.274	1.428	1.439	1.379

Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 11 árið 2019 sem jafngildir 1,3% (tafla 5). Akranes, Borgarbyggð og Snæfellsbær voru einu sveitarfélögin á Vesturlandi þar sem stöðugildum fjölgaði á milli ára, en á Akranesi átti fjölgunin sér stað þrátt fyrir nokkra fækkun hjá Íslandspósti. Í Snæfellsbæ fjölgaði um fjögur stöðugildi eða 9,5% milli ára en í Dalabyggð fækkaði þeim um fjögur eða 8,3%.

Tafla 5. Stöðugildi á Vesturlandi.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Akranes	330	334	329	346	367	378	383
Borgarbyggð	245	248	256	228	222	217	220
Dalabyggð	45	48	48	50	50	48	44
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	50	52	49	50	49	48	51
Helgafellssveit	0	0	0	0	0	0	0
Hvalfjarðarsveit	0	1	1	1	1	1	1
Skorradalshreppur	0	0	0	0	3	4	4
Snæfellsbær	40	40	38	43	43	42	46
Stykkishólmsbær	101	96	91	87	85	84	83
Samtals	811	819	812	805	820	821	832

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fækkaði stöðugildum um fimm árið 2019 (tafla 6). Í Árneshreppi, Bolungarvík og Ísafjarðarbæ fækkaði stöðugildum á árinu en þeim fjölgaði í Reykhólahreppi og Vesturbyggð. Fækkunin kemur meðal annars til vegna færri stöðugilda hjá Orkubúi Vestfjarða og Íslandspósti, en stöðugildum fjölgaði þó hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Tafla 6. Stöðugildi á Vestfjörðum.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Árneshreppur	1	2	2	2	2	2	1
Bolungarvík	30	33	28	27	26	23	21
Ísafjarðarbær	279	279	285	308	316	321	317
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	0	1	1
Reykhólahreppur	11	10	12	13	12	11	12
Strandabyggð	35	38	39	41	38	40	40
Súðavíkurhreppur	0	1	1	0	0	1	1
Tálknafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	56	51	53	58	56	55	57
Samtals	412	413	419	449	449	454	449

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um tvö stöðugildi árið 2019 eða um 0,4% (tafla 7). Í Skagafirði fjölgaði stöðugildum um tvö, þrátt fyrir fækkun hjá Íslandspósti. Í Húnaþingi vestra fjölgaði stöðugildum um tvö, en Vinnumálastofnun var með fleiri stöðugildi þar en ári áður. Á Skagaströnd fjölgaði stöðugildum einnig um tvö. Í Húnavatnshreppi fækkaði stöðugildum hjá Landsvirkjun um tæp fjögur árið 2019 en þar hafði fjölgað árið 2018. Á Blönduósi lækkaði heildarfjöldi stöðugilda um eitt.

Tafla 7. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Akrahreppur	1	1	1	1	1	1	1
Blönduósibær	88	87	84	81	84	83	82
Húnavatnshreppur	13	13	13	14	15	18	14
Húnaþing vestra	64	64	66	62	62	63	65
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0
Sveitarfélagið Skagafjörður	282	280	284	294	294	299	301
Sveitarfélagið Skagaströnd	29	23	20	20	21	22	24
Samtals	477	468	468	471	477	485	487

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 19 eða tæpt 1% á Norðurlandi eystra á árinu 2019 (tafla 8). Í Akureyrarbæ fjölgaði stöðugildum um 20 eða 1,3%, aðallega vegna fjölgunar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Þó fækkaði stöðugildum nokkuð hjá Íslandspósti í Akureyrarbæ. Minna var um breytingar í öðrum sveitarfélögum, en í Langanesbyggð fækkaði stöðugildum hjá Vegagerðinni og í Norðurþingi fjölgaði hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Framhaldsskólanum á Húsavík en fækkaði hjá Íslandspósti. Í Skútustaðahreppi fækkaði hjá Landsvirkjun en fjölgaði m.a. hjá Umhverfisstofnun á móti.

Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Akureyrarbær	1.385	1.404	1.414	1.449	1.502	1.532	1.552
Dalvíkurbyggð	51	53	53	55	53	52	52
Eyjafjarðarsveit	0	1	1	1	1	1	1
Fjallabyggð	104	114	113	110	111	108	107
Grýtubakkahreppur	0	1	2	1	1	1	2
Hörgársveit	1	1	1	1	1	1	1
Langanesbyggð	13	14	16	18	19	20	18
Norðurþing	154	161	171	175	178	179	180
Skútustaðahreppur	25	24	21	25	39	34	34
Svalbarðshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0	0	0	0	0
Tjörneshreppur	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	21	24	24	22	21	20	21
Samtals	1.754	1.797	1.816	1.858	1.927	1.948	1.967

Austurland

Stöðugildum fækkaði um fjögur eða um 0,7% á Austurlandi árið 2019 (tafla 9). Í Fjarðabyggð fækkaði stöðugildum um fimm eða sem samsvarar 2%, en það kemur helst til vegna fækkunar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands þar. Heildarfjöldi stöðugilda hjá stofnuninni stóð þó í stað milli ára, því fjölgun var á móti á Fljótsdalshéraði. Að öðru leyti voru ekki stórar breytingar á stöðugildum á Austurlandi árið 2019.

Tafla 9. Stöðugildi á Austurlandi.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Borgarfjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0
Djúpavogshreppur	9	9	7	8	7	5	6
Fjarðabyggð	239	247	246	247	233	243	238
Fljótsdalshérað	215	228	230	235	244	243	242
Fljótsdalshreppur	16	14	14	14	15	15	15
Seyðisfjarðarkaupstaður	53	52	48	47	53	46	47
Vopnafjarðarhreppur	9	6	9	10	10	10	10
Samtals	541	556	554	562	561	562	558

Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 14 eða um 0,9% á Suðurlandi árið 2019 (tafla 10). Í Árborg fjölgaði stöðugildum um 24 eða 4,1% árið 2019, þar varð fjölgun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotarskóla Suðurlands, Fangelsismálastofnun, Matvælastofnun en fækkun hjá Íslandspósti og Umhverfisstofnun. Í Bláskógarbyggð fjölgaði stöðugildum um átta eða 11,9%, aðallega vegna starfa hjá Háskóla Íslands og Skógrækt ríkisins. Í Hveragerðisbæ fækkaði stöðugildum um fimm eða 2,3%, helst vegna fækkunar hjá dvalarheimilinu Ás. Aftur á móti fjölgaði stöðugildum hjá Heilsustofnun NLFÍ. Í Mýrdalshreppi fjölgaði stöðugildum um rúm þrjú, helst vegna ÁTVR og dvalarheimilisins Hjallatúns. Í Rangárþingi eystra fjölgaði um fimm stöðugildi vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og RARIK. Í Rangárþingi ytra fækkaði hins vegar um fjögur stöðugildi, helst vegna fækkunar hjá Landgræðslunni. Stöðugildum fækkaði um 14 í Vestmannaeyjum eða 7,8%. Þar munar mestu um fækkun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fækkaði stöðugildum um þrjú. Þar fækkaði m.a. hjá Íslandspósti og FAS en á móti fjölgaði hjá heilbrigðisstofnuninni og Lögreglustjóranum á Suðurlandi.

Tafla 10. Stöðugildi á Suðurlandi.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	50	48	62	60	67	67	75
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0
Grímsnes- og Grafningshreppur	13	14	14	14	15	16	15
Hrunamannahreppur	4	3	3	2	5	6	6
Hveragerðisbær	205	193	205	218	219	218	213
Mýrdalshreppur	35	37	33	36	41	41	45
Rangárþing eystra	49	48	49	42	43	42	47
Rangárþing ytra	105	99	98	98	105	103	99
Skaftárhreppur	20	21	28	24	26	28	30
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	37	40	40	39	43	54	55
Sveitarfélagið Árborg	571	573	570	556	558	582	606
Sveitarfélagið Hornafjörður	88	108	102	108	127	129	126
Sveitarfélagið Ölfus	7	4	4	4	6	7	6
Vestmannaeyjar	174	166	158	168	168	180	166
Samtals	1.358	1.353	1.365	1.373	1.421	1.474	1.488

Erlendis og óstaðsett

Stöðugildum sem unnin eru erlendis fækkaði um eitt árið 2019 og þau eru nú 61. Þá eru stöðugildi án staðsetningar tæp tvö þetta árið hjá Þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytisins.